

## Félag fagfólks á skólasöfnum

Hjallaskóla v. Álfhólsveg  
200 Kópavogur  
solof@hjsk.kopavogur

Alþingi  
Erindi nr. P 136/180  
komudagur 21.11.2008



Reykjavík, 20. nóvember 2008

## Til Menntamálanefndar Alþingis

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun barnamenningarhúss: 24. mál, þingskjal 24.


Félag fagfólks á skólasöfnum, áður Félag skólasafnskennara, þakkar tækifæri til senda umsögn um frumvarp um stofnun barnamenningarhúss.

Lýsir félagið yfir ánægju með að fram skuli vera komin tillaga sem miði að stofnun barnamenningarhúss. Mikið og fjölbreytt starf er unnið á sviði barnamenningar um allt land og nauðsynlegt að hlúa að því starfi sem frekast er unnt. Tekur félagið undir þau sjónarmið að í barnamenningarhúsi eigi að fara fram kynningar – og samhæfingarstarf sem styðji við barnamenningu í öllu landinu. Jafnframt skuli þar vera öflug miðstöð fyrir fræðimenn og alla þá sem vinna að menningu með börnum og fyrir börn. Þá styður félagið eindregið þá hugmynd að safna saman öllum útgefnum barnabókum á einn stað og hafa þær aðgengilegar fræðimönnum og ekki síður almenningi.

Félag fagfólks í skólasöfnum saknar að í skýrslu þeirri sem unnin var fyrir Samtök um barnamenningarstofnun og liggur til grundvallar ofangreindri þingsályktunartillögu, skuli ekki vera minnst á skólasöfnin í landinu. Söfnin hafa alla tíð gegnt mikilvægu menningarlegu hlutverki einkum þegar kemur að því að halda á lofti íslenskum barnabókum og þjóðlegum arfi bókmenntanna. Viljum við því í lok þessarar umsagnar minna á mikilvægi skólasafna við að viðhalda og vekja athygli á barnamenningu meðal æsku þessa lands.

Virðingarfyllt

f.h. Félags fagfólks á skólasöfnum

  
Sigríður Ólöf Sigurðardóttir formaður